



Reykjanesbær 18. ágúst 2020

**Umhverfissvið Reykjanesbær**

Bt. Guðlaugur Sigurjónsson

Sent með tölvupósti á [guðlaugur.h.sigurjonsson@reykjanesbaer.is](mailto:guðlaugur.h.sigurjonsson@reykjanesbaer.is)

**Efni: Fyrirspurn vegna notkunar á bílastæði við knattspyrnuvöll UMFN við Afreksbraut**

Stjórn Knattspyrnudeildar UMFN fer þess á leit við Reykjanesbæ, að deildin fái til umráða líkt og undanfarin ár hluta af bílastæðum sem eru við knattspyrnuvöll deildarinnar við Afreksbraut.

Knattspyrnudeildin stefnir að því að bjóða uppá geymslu fyrir bíla gegn gjaldi, í lengri eða skemmri tíma og er þá einkum horft til bílaleiga sem starfa hér á svæðinu, en hefur þetta reynst deildinn dýrmæt fjáröflun síðustu ár.

Bílastæðið er lítið nýtt mest allt árið. Deildin skuldbindur sig til að fara í einu og öllu að þeim lögum og reglum sem gilda um slíkt.

Hugmynd okkar er að gerður yrði samningur til tveggja ára milli knattspyrnudeildarinnar og Reykjanesbæjar, etv. með ákvæði um uppsagnarfrest.

Verkefnið er hugsað sem fjáröflunarverkefni fyrir starfsemi deildarinnar, en á þessum fordæmalausu tímum er mikilvægt að allir standi þétt saman.

Með von um jákvæðar undirtektir.

Virðingarfyllst fh. Knattspyrnudeildar UMFN

---

**Gylfi Gylfason**

formaður Knattspyrnudeildar UMFN